



Að örva tal og mál barna -fyrstu árin

Náðu
athygli
barnsins
fyrst

Farðu niður í augnhæð og náðu athygli barnsins áður en þú byrjar að tala eða spyrja spurninga. Fyrir ung börn er erfitt að hlusta og gera eitthvað annað samtímis. Nefndu nafn barnsins fyrst til að hvetja það til

Notaðu
einfalt mál.
Endurtaktu
oft

Hafu setningar stuttar. Lýstu hversdagslegum athöfnum. Þegar þú talar um það sem þú ert að gera (ég er að hella í glasið), endurtaktu þá orðin. Það hjálpar barninu að læra ný orð og taka þátt í samtalinu.

Notaðu öll
skynfærin
til að kenna
ný orð

Það er gaman að læra ný orð. Ef þú ert til dæmis að kenna ávaxtaheitin, hvettu þá barnið til að finna lyktina. Önnur hugmynd er að syngja þekktar vísur og sleppa orði úr sem barnið getur þá fyllt í.

Útvíkkaðu
það sem
barnið segir

Talaðu skýrt og bættu einu til tveimur orðum við það sem barnið segir. Ef barnið segir „sjáðu bíll“, gætir þú sagt „já sjáðu rauður bíll“. Með þessu staðfestirðu að þú hlustaðir og togar barnið áfram í málþroskanum.

Gefðu
barninu
tíma til að
bregðast
við

Börn þurfa oft lengri tíma en fullorðnir til að setja hugsanir sínar í orð. Hafðu í huga að halda augnsambandi meðan þú bíður eftir að þau klári setninguna.

Notaðu
spurningar
sparlega

Reyndu að spyrja ekki of margra spurninga, sérstaklega þær sem hljóma eins og þú sért stöðugt að prófa barnið. Bestu spurningarnar eru þær sem fá barnið til að hugsa í stað þess að gefa svar um leið, eins og já eða nei. Of margar spurningar hefta líka flæði í samskiptum.

Gerðu
málið að
skemmtun

Leikið ykkur með orð, hljóð og skemmtilegar setningar. Ekki vera hrædd við að tala með skrýtinni röddu eða segja kjánalega hluti. Ef barnið sér þig leika þér með tungumálið, verður það líklegra til að gera eigin tilraunir. Mállegar tilraunir eru mikilvægur þáttur í að læra að tala og þar með talið málvillur.

Vertu
fyrirmynd í
stað þess að
gagnrýna

Hrósaðu tilraunum barnsins, þó svo útkoman sé ekki fullkomin. Ef barnið gerir málvillu, endurtaktu þá einfaldlega og leiðréttu um leið. Ef barnið segir til dæmis „ég leikaði við strákinn“ gætir þú sagt „já, lékstu við strákinn!“

Slökktu á
sjónvarpi og
takmarkaðu
snuðnotkun

Börn læra ekki tungumálið gegnum sjónvarpið eða spjaldtölvuna. Reynið að takmarka tækjanotkun og verið þá með barninu þegar slíkt er gert til að setja eigin orð á það sem fram fer.

